

Mál nr. 150 /2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar ökutækis A

Þjófnaður á ökutæki, varúðarskylda þ. 11.4.2013

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.18.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 6.5. 2013 ásamt lögregluskýrslu og ljósmyndum

Málsatvik.

M segir að bifreið sinni hafi verið stolið við Krísuvíkurveg og hafi hann skilið við bifreiðina á vegaröxl og farið í göngutúr með félaganum sínum og sett bíllyklana í vasann en kvaðst síðar hafa áttað sig á að þeir voru ekki þar og þegar hann kom til baka hafi bifreiðin verið horfin. Bifreiðin fannst skammt frá og voru kveikjulaslykill í bifreiðinni og hún ólæst. M krefst bóta vegna skemmda á A úr kaskótryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að A hafi verið ólæst og kveikjulaslyklar í bifreiðinni þegar hún fannst. V vísar í því sambandi til greinar 7.3. í vátryggingaskilmálum þar sem vísað er til þess að vátryggður og þeir sem með hans samþykki séu ábyrgir fyrir ökutækinu beri að gæta þess að hafa ökutækið læst, en ekki hafi verið um það að ræða í umrætt sinn.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn og aðstæður á þegar bifreiðin fannst ólæst og með kveikjulaslykil í bifreiðinni er ljóst að M sinnti ekki varúðarskyldu samkvæmt grein 7.3. vátryggingaskilmála. Ekki verður annað ráðið miðað við gögn málsins en að M hafi sýnt af sér háttsemi við vörslur lykla að bifreiðinni að ekki sé um bótaskyldu að ræða úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.